

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagsáætlun í Skorradalshreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti sveitarstjórn Skorradalshrepps þann 9. september 2009 breytingu á eftirfarandi deiliskipulagi:

Dagverðarnes, svæði 1, lóð nr. 24.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Dagverðarnes í Skorradal, svæði 1, vegna lóðarinnar nr. 24. Einungis er um að ræða breytingu á skipulagsskilmálum er varða hámarksbyggingarmagn og aukahús. Leyfilegt hámarksbyggingarmagn sem var 60 fm verður 82 fm, þar af má aukahús vera allt að 20 fm.

Deiliskipulagsáætlunin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Skorradal, 2. nóvember 2009.

F.h. sveitarstjórnar Skorradalshrepps,

Ólöf Guðný Valdimarsdóttir skipulagsfulltrúi.